**3457. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 29. apríl 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **2101086 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021**

668. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006 (gagnsæi, skráning og vinnsla persónuupplýsinga).
702. mál til umsagnar - frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónusta við flugumferð.
539. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um skráða sambúð fleiri en tveggja aðila.
748. mál til umsagnar - frumvarp til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði).
731. mál til umsagnar - frumvarp til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.).

*Lagt fram.*

2. **1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mötuneytismála**

Staða í vinnu starfshóps um mötuneytismál.

Fulltrúar starfshóps um mötuneytismál koma inn á fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir vel unnin störf og þær mikilvægu upplýsingar sem er að finna í fyrirliggjandi minnisblaði og vinnugögnum.*

*Bæjarráð vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2022.*

*Samþykkt 3:0*

*Ólöf Linda Ólafsdóttir formaður starfshópsins, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og starfsmaður í starfshópnum og Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála og starfsmaður í starfshópnum víkja af fundi.*

3. **2102057 - Mánaðaryfirlit 2021**

Mánaðaryfirlit fyrir mars 2021.

Kristjana Helga deildarstjóri fjármála situr fundurinn undir þessum lið og kynnir rekstraryfirlit fyrir marsmánuð.

*Bæjarráð þakkar Kristjönu Helgu fyrir ítarlega yfirferð um fjárhagsstöðu Akraneskaupstaðar og fyrirliggjandi gögn.*

*Kristjan Helga Ólafsdóttir víkur af fundi.*



ELA
SÓÞ

4. **2104179 - Flóahverfi - markaðssamningur**

Markaðssamningur við Merkjaklöpp ehf.

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

5. **2104078 - Deiliskipulag Ægisbrautar - endurskoðun**

Endurskoðun deiliskipulags Ægisbrautar.

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

6. **2104233 - Smiðjuvellir 14 - sala**

Sala á Smiðjuvöllum 14.

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir sölu á Smiðjuvöllum 14 og kvöð um að húsið og mannvirki á lóðinni skuli fjarlægt, með flutningi eða niðurrifi, eigi síðar en 31. desember 2021.*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.*

*Samþykkt 3:0*

*Sigurður Páll víkur af fundi.*

7. **1810191 - Samskipti og samstarf KFÍA og Akraneskaupstaðar**

Knattspyrnufélag ÍA hefur óskað eftir formlegum viðræðum um rekstrarsamning um rekstur íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins, m.a. að afla upplýsinga um hvort sambærilegt fyrirkomulag sé til staðar hjá öðrum sveitarfélögum.*

*Samþykkt 3:0*

8. **2005059 - Barnvænt sveitarfélag- sveitarfélag með réttindi barna að leiðarljósi**

Skóla- og frístundaráð og velferðar- og mannréttindaráð samþykktu á fundi sínum 20. apríl sl. erindisbréf fyrir stýrihóp um barnvænt samfélagið og vísar því til afgreiðslu í bæjarráði.

*Lagt fram.*

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*

*Samþykkt 3:0*



ELA STR

**9. 2101286 - Innritun í leikskóla 2021**

Skóla- og frístundaráð samþykkti erindi leikskólans Akrasels og vísar afgreiðslu í bæjarráð.

Valgerður Janusdóttir situr fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð heimilar að farið verði í umbeðin búnaðarkaup og framkvæmdir tengt inntöku barna haustið 2021 en áætlaður heildarkostnaður með vinnu iðnaðarmanna er um 1,2 m.kr.*

*Bæjarráð óskar eftir að nýtt erindi komi til afgreiðslu ráðsins er framkvæmdin er yfirstaðin með endanlegum kostnaðartölum.*

*Samþykkt 3:0*

**10. 2104217 - Sumarstörf námsmanna 2021**

Kynning á minnisblaði Vinnumálastofnunar um sumarstörf námsmanna sumarið 2021.

Harpa mannauðsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið og kynnir þátttöku Akraneskaupstaðar í verkefninu.

*Bæjarráð samþykkir að veita heimild til að auglýsa eftir allt að 50 störfum vegna atvinnuátaks námsmanna sumarið 2021.*

*Endanleg afgreiðsla málsins m.t.t. fjármagns verður á fundi bæjarráðs þann 27. maí næstkomandi.*

*Samþykkt 3:0*

**11. 2104242 - Framtíðar fyrirkomulag þjónustu við aldraða**

Framtíðar fyrirkomulag í þjónustu við aldraða á Akranesi.

*Bæjarráð vísar málinu til velferðar- og mannréttindaráðs og óskar eftir að sett verði af stað vinna í tengslum við mögulegt fyrirkomulag þjónustu við aldraða á Akranesi þar sem horft verði til tækifæra á lengri búsetu í eigin húsnæði, samspil heimahjúkrunar og heimaþjónustu og sveigjanlegri dagdvöl fyrir eldra fólk.*

*Samþykkt 3:0*

**12. 1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala**

Kaupandi hefur óskað eftir að falla frá samningi um kaup á eigninni.

*Bæjarráð samþykkir að fallið verði frá kaupsamningi um eignina.*

*Samþykkt 3:0*

Næsti bæjarráðsfundur verður 5. maí næstkomandi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:50.**

Elsa Lára Arnardóttir.